



Minjastofnun
Íslands

Stefna 2022–2027
um verndun og rannsóknir á
fornleifum og byggingararfi

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stefnan	2
Vinnulag við mörkun stefnunnar	3
Framtíðarsýn	4
Markmið 1:	
Efla markviss viðbrögð vegna náttúruvár og framkvæmda	6
A. Skráning fornleifa og byggingararfs	6
B. Skilvirk viðbrögð hagsmunaaðila	7
C. Mótvægisáðgerðir vegna fornleifa og byggingararfs í hættu	7
Markmið 2:	
Efla rannsóknir á fornleifum og byggingararfi	9
A. Skýrar áherslur í rannsóknnum	9
B. Gæði og fagmennska	10
C. Fullnægjandi fjármögnun	10
Markmið 3:	
Auka samstöðu um vernd fornleifa og byggingararfs	12
A. Samráð um vernd fornleifa og byggingararfs	12
B. Aukin áhersla á vægi fornleifa og byggingararfs	13
C. Skýr sýn á friðlýsingar	13
Markmið 4:	
Viðhalda þekkingu á handverki	16
A. Stöðug nýliðun og miðlun þekkingar milli kynslóða	16
B. Fjölgun viðhaldsverkefna og stuðningur við þau	17
Markmið 5:	
Styrkja vitund um mikilvægi fornleifa og byggingararfs	19
A. Virkt samtal um samfélagslegt gildi fornleifa og byggingararfs	19
B. Aukin vitund um fornleifar og byggingararf sem auðlind	20
C. Virkjun heimafólks til svæðisbundinna verkefna	20
Viðauki 1 - Alþjóðasamningar	23
Viðauki 2 - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	23
Viðauki 3 - Skýringar á hugtökum	24
Fylgiskjal	
Varðveisla og vernd bátaarfs Íslendinga – fljótandi menningararfur	26
Myndaskrá	28

Útgefandi: Minjastofnun Íslands

Ábyrgðarmaður: Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir

Ritstjóri: Ásta Hermannsdóttir

Ritnefnd: Sólrún Inga Traustadóttir

Hönnun og umbrot: Hunang · Sigrún Sigvaldadóttir

ISBN: 978-9935-9576-6-5

Inngangur

Sú stefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda um vernd og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi sem hér birtist byggir á ákvæðum í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (gr. 8.a, 9.a og 11.b), hér eftir nefnd minjalög. Þar er Minjastofnun Íslands og ráðgjafarnefndum hennar – fornminjanefnd og húsafriðunarnefnd – fengið það hlutverk að vinna verndar- og rannsóknastefnu um fornleifar og byggingararf. Stefnan lýsir þeim markmiðum og verkefnum sem minjavarslan mun leggja áherslu á árin 2022–2027.

Rétt er að vekja athygli á að við vinnuna var *Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi* höfð til hliðsjónar, en hún var staðfest af þáverandi ráðherra sumarið 2021. Minjastofnun hafði forgöngu um vinnslu stefnunnar sem byggði á 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem kveður á um að stofnunin skuli móta heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.

Ísland hefur, með undirritun alþjóðlegra samþykta og samninga um menningarminjar¹, skuldbundið sig til að tryggja varðveislu fornleifa og byggingararfs. Með undirritun heitir Ísland einnig að styðja við vettvangsskráningu, rannsóknir og miðlun, og gera upplýsingar um fornleifar og byggingararf aðgengilegar.

Menningarminjar eru ómetanleg auðlind fyrir íslenskt samfélag. Það er sameiginlegt hlutverk

þjóðarinnar, lærðra sem leikra, að vernda þær. Það er lögbundin skylda Minjastofnunar Íslands að tryggja að fornleifum og byggingararfi landsins verði skilað óspilltum til komandi kynslóða sem og að gera upplýsingar um fornleifar og byggingararf aðgengilegar almenningi. Málaflokkurinn stendur frammi fyrir miklum áskorunum til framtíðar, til dæmis vegna náttúruvávar, ekki síst í tengslum við loftslagsbreytingar, aukinna framkvæmda og dvínandi þekkingar á handverki. Til að takast á við þær er mikilvægt að samhugur sé um að vernd fornleifa og byggingararfs skipti máli og að samstaða sé um þær aðgerðir sem fara þarf í.

Stefnan

Stefnan lýsir því sem unnið verður eftir á næstu árum við verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Stefnan er leiðarljós í starfi þeirra fjölmörgu sem fást við fornleifar og byggingararf á einn eða annan hátt. Hún setur þunga á tiltekna þætti, markmið, sem undirstrika það sem mikilvægast er til framtíðar litið. Samtal og miðlun eru rauður þráður í stefnunni. Markmið stefnunnar eru fimm. Undir hverju þeirra eru áherslur sem lýsa kjarna þess sem stefnt er að. Undir áherslunum eru aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í til að markmið stefnunnar náist.

Stefnan er byggð upp á eftirfarandi hátt:

Framtíðarsýn – lýsir þeirri stöðu sem stefnt er að í verndun og rannsóknum á fornleifum og byggingararfi, og hvaða áhrifum og árangri stefnt er



að. Þannig er framtíðarsýnin ekki sjálfmiðuð heldur lýsir hún þeirri stöðu sem stefnt er á að skapa: *Að fornleifar og byggingararfur séu mikilvægur þáttur í sjálfsmynd og umhverfi íbúa landsins, og að þeim sé vel sinnt, þau njóti virðingar og séu uppspretta nýrra hugmynda og tækifæra.*

Stefna – er leiðarljós um áherslur til framtíðar. Stoðir stefnunnar birtast í þeim fimm markmiðum sem sett eru fram sem áherslur í verndun og rannsóknum á fornleifum og byggingararfi næstu fimm árin. Um leið sýnir stefnan tiltekin loforð gagnvart samfélaginu.

Markmið – sýna hverju á að ná fram til að raungera framtíðarsýnina og eru þær stoðir sem verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi hvíla á.

Áhersluatriði – hvert markmið er stutt af áhersluatriðum sem draga skýrt fram hvar meginþungi aðgerða liggur til að ná markmiðum stefnunnar.

Aðgerðir – undir hverju áhersluatriði eru tilgreindar forgangsaðgerðir sem eru lokahnykkurinn í mörkun stefnunnar. Þetta eru þær aðgerðir sem þarf að framkvæma til að innleiðing stefnunnar eigi sér stað og framtíðarsýnin gangi eftir. Áætlun um aðgerðir tiltekur ábyrgðaraðila, tímasetningar og áætlaðan kostnað, en hún er endurskoðuð eftir þörfum á innleiðingartímanum. Aðgerðaáætlun er sett fram með fyrirvara um fjármögnun þeirra aðgerða sem krefjast sérstakrar fjármögnunar.

Mikilvægt er að stefnuskið sé lesið í heild sinni þar sem heildarmyndin sýnir hvernig einstakir þættir tengjast innbyrðis og mynda skynsama heild. Til að skilja einstaka þætti þarf að þekkja heildina.

Vinnulag við mörkun stefnunnar

Vinnan við stefnuna hófst í lok árs 2020. Hún var að mestu mótuð á árinu 2021, en fullunnin um mitt ár 2022. Í upphafi var mynduð verkefnisstjórn sem í voru Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Sandra Sif Einarsdóttir, varaformaður fornminjanefndar, og Hanna Rósa Sveinsdóttir, formaður húsafriðunarnefndar. Ásta Hermannsdóttir, verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands, var starfsmaður verkefnisstjórnar og leiddi vinnuna. Ráðgjafar frá fyrirtækinu Stratagem, þau Þórður Sverrisson og Ása Karin Hólm Bjarnadóttir, mótuðu verkefnið og stýrðu því. Vorið 2021 voru skipaðar nýjar fornminja- og húsafriðunarnefndir og fengu þá formenn nýrra nefnda sæti í verkefnisstjórninni, þau Andrés Skúlason, formaður fornminjanefndar, og Arnhildur Pálmadóttir, formaður húsafriðunarnefndar.

Öflugt samráð var haft við hagsmunaaðila, bæði innan minjavörslunnar og utan hennar. Markmið samráðsins var að ná til sem breiðasts hóps og fá þannig fram ólík og fjölbreytt sjónarmið á þau málefni sem stefnan snýr að. Á vordögum 2021 tóku ráðgjafar trúnaðarviðtöl við 25 sérfræðinga á málefnasviðinu. Í kjölfarið voru haldnir 14 rýnifundir. Þeir fjölluðu annars vegar um afmörkuð mál, s.s. gamalt handverk, menningarminjar sem auðlind og skip og báta, en hins vegar voru

¹ Sjá í viðauka 1.

FRAMTÍÐARSÝN

FORNLEIFAR OG BYGGINGARARFUR ERU MIKILVÆGUR ÞÁTTUR Í SJÁLFSMYND OG UMHVERFI ÍBÚA LANDSINS.

ÞEIM ER VEL SINNT, ÞAU NJÓTA VIRÐINGAR OG ERU UPPSPRETTA NÝRRA HUGMYNDA OG TÆKIFÆRA.

greind afmörkuð svið innan málefnafloksins með hópum sérfræðinga eða annarra hagsmunaaðila, s.s. fornleifafræðinga, arkitekta, safnafólks og starfsfólks sveitarfélaga. Á þessa fundi voru boðaðir sérfræðingar og hagsmunaaðilar utan Minjastofnunar um hvert efni. Auk þess var fundað með ráðgjafarnefndum og minjaráðum á þessu stigi vinnunnar. Þegar fundum og viðtölum var lokið var spurningakönnun send til á sjötta hundrað aðila, auk þess sem könnunin var aðgengileg á heimasíðu Minjastofnunar og gátu allir þeir sem áhuga höfðu svarað henni. Alls bárust 188 svör.

Að lokinni umfangsmikilli gagnaöflun unnu ráðgjafar úr gögnunum og kynntu niðurstöður fyrir verkefnisstjórn sem vann áfram úr þeim. Í október og nóvember 2021 voru niðurstöðurnar lagðar fyrir ráðgjafarnefndir. Í kjölfarið hófst vinna verkefnisstjórnar og sviðsstjóra hjá Minjastofnun Íslands, með fulltingi ráðgjafa, við að skrifa heildstætt stefnuskjal með þeim áherslum sem nauðsynlegt er að hafa í forgrunni á næstu árum.

Sumarið 2022 fengu starfsmenn Minjastofnunar Íslands og nefndarmenn í húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd stefnuna til umsagnar. Að því loknu var stefnan send á sama póstlista og spurningakönnunin var send á vorið 2021, til að ná til sem flestra hagsmunaaðila og óska eftir athugasemdum. Að lokum fór verkefnisstjórnin yfir stefnuskjalið og gerði breytingar sem byggðu á athugasemdum hagsmunaaðila.



Efla markviss viðbrögð vegna náttúruvár og framkvæmda

Náttúruvá, ekki síst tengd loftslagsbreytingum, og framkvæmdir af ýmsu tagi ógna fornleifum og byggingararfi á Íslandi. Ljóst er að þörf er á stórsókn í mótvægisáðgerðum sem meðal annars felast í að afla aukinnar þekkingar um fornleifar og byggingararf í landinu svo unnt sé að bregðast við á réttan hátt í hvert skipti. Skráning fornleifa og byggingararfs er undirstaða slíkrar vinnu. Þær upplýsingar sem safnast við skráningu eru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn þar sem finna má upplýsingar um staðsetningu, sögu, útlit og ástand. Á þeim grunni er hægt vinna varðveislumat, forgangsraða og taka upplýstar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir vegna landbrots, skriðufalla, jarðskjálfta, eldgosa, uppblásturs, hækkandi sjávarborðs og ýmissa framkvæmda, svo sem nýbygginga, vegafamkvæmda og virkjana. Til að hægt sé að bregðast við á öflugan hátt þarf að stórauka skráningu og rannsóknir á vettvangi.

Fjöldi ríkisstofnana og sveitarfélaga hefur brýna hagsmuni af að hægt sé að ganga að upplýsingum um fornleifar og byggingararf í sameiginlegum gagnagrunni. Skráning fornleifa og byggingararfs er samfélagslega mikilvægt verkefni, grunnforsenda í markvissri verndun, og snertir fjölda hagsmunaaðila. Því er samstarf á milli aðila mikilvægur þáttur í öllum áætlunum.

Eftirfarandi áhersluatriði lýsa viðbragði við náttúruvá og framkvæmdum næstu árin:

A. Skráning fornleifa og byggingararfs B. Skilvirk viðbrögð hagsmunaaðila C. Mótvægisáðgerðir vegna fornleifa og byggingararfs í hættu

A. Skráning fornleifa og byggingararfs
Skráning fornleifa og byggingararfs er framkvæmd af sérfræðingum sem hafa þekkingu og forsendur til að staðsetja og meta fornleifar og byggingararf og þá hættu sem mögulega stöðjar að þeim. Til að uppfylla kröfur samfélagsins um skjótt og gott aðgengi að upplýsingum um fornleifar og byggingararf er mikilvægt að hægt sé að nálgast upplýsingar úr skráningum í opnum, landfræðilegum gagnagrunni.

Aðgerðir:

- 1.A.1. Áhættuskoðun og -flokkun út frá þeirri náttúruvá sem er yfirvofandi á hverju svæði.
- 1.A.2. Skipuleggja átaksverkefni í skráningu með sveitarfélögum og ríkisstofnunum, með tilkomu sérstaks fjármagns, þar sem áhersla er á fornleifar og byggingararf sem stafar ógn af náttúruvá, sér í lagi vegna loftslagsbreytinga.
- 1.A.3. Meta stöðu á skráningu byggingarefna í húsum og mannvirkjum. Móta aðferðafræði við skráningu þeirra, m.a. til að meta innbundið kolefni og með endurnýtingu í huga.
- 1.A.4. Efla enn frekar landfræðilegan gagnagrunn sem varðveitir upplýsingar um fornleifar og byggingararf.
- 1.A.5. Skipuleggja og skilgreina tengingar á milli gagnagrunna sem geyma upplýsingar



um fornleifar og byggingararf, t.a.m. á milli gagnagrunna minjavörslunnar og Sarps.

B. Skilvirk viðbrögð hagsmunaaðila

Skjót viðbrögð og vel skilgreint tengslanet eru lykilatriði þegar horft er til náttúruvár og hamfara. Til að geta brugðist hratt og rétt við þarf skýra ferla og stuttar boðleiðir. Hagsmunaaðilum þarf að vera ljóst hvert hlutverk og valdsvið þeirra er og hvernig þeim ber að bregðast við. Samtal hagsmunaaðila um viðbrögð og áðgerðir þarf að vera öflugt. Hlutverk minjavörslunnar verður að vera skýrt og fela í sér möguleika til að verja fornleifar og byggingararf.

Skoða þarf viðurkenndar mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum, svo sem endurheimt votlendis og skógrækt, í samhengi við áhrif þeirra á fornleifar og byggingararf. Tryggja þarf að fornleifar og byggingararf hljóti ekki skaða af slíkum mótvægisáðgerðum, og er slíkt m.a. tryggt með því að mótvægisáðgerðir fari í umhverfismat eða annað formlegt ferli.

Aðgerðir:

- 1.B.1. Skipuleggja samtal við stjórnvöld um áhrif stórtækra mótvægisáðgerða gegn loftslagsvánni, svo sem skógræktar og endurheimtar votlendis, á fornleifar og byggingararf.
- 1.B.2. Skipuleggja samstarf og boðleiðir milli minjavörslu, almannavarna, sveitarfélaga og annarra viðeigandi aðila um öflugt viðbragð við vá sem ógnar fornleifum og byggingararfi.
- 1.B.3. Vinna viðbragðsáætlun fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig, í samstarfi við almannavarnir,

sveitarstjórnir og aðra viðeigandi aðila, sem m.a. greinir það sem ógnar minjum á svæðunum.

C. Mótvægisáðgerðir vegna fornleifa og byggingararfs í hættu

Greina þarf mótvægisáðgerðir sem mögulegt er að beita við tilteknar aðstæður, t.a.m. við landbrot eða skriðuhættu, kostnaðargreina þær og skýra ferla. Mótvægisáðgerðir geta verið af ýmsum toga: Skráning, uppgröftur, flutningur og varnir. Mikilvægt er að meta aðstæður í hverju tilfelli fyrir sig og á hverjum tíma fyrir sig. Vakta þarf staði og bregðast við þar sem þörf krefur, t.a.m. við landbrot, ekki síst þar sem verminjar er að finna, eða skriðuhættu.

Aðgerðir:

- 1.C.1. Vinna þarfagreiningu vegna mótvægisáðgerða og greina kostnað sem og kosti og galla þeirra við ákveðnar aðstæður.
- 1.C.2. Tryggja sérstakt fjármagn til mótvægisáðgerða til varnar byggingararfi og fornleifum.
- 1.C.3. Skilgreina lykilstaði sem eru í hættu vegna náttúruvár. Vinna vöktunaráætlanir fyrir þá.



MARKMIÐ 2

Efla rannsóknir á fornleifum og byggingararfi

Fjölmörg tækifæri liggja í rannsóknum á fornleifum og byggingararfi. Rannsóknir eru sá hornsteinn sem vitneskja um menningararfinn byggir á, og aukin vitund og þekking á arfinum hefur bein áhrif á lífsgæði. Miðlun er mikilvægur hluti af rannsóknum og lögð er áhersla á að niðurstöðum rannsókna sé miðlað til ólíkra hagsmunaaðila eftir því sem við á: Fræðimanna, heimamanna, áhugamanna og alls almennings.

Sameiginlegt hlutverk allra aðila sem að rannsóknum koma er að tryggja fagmennsku með vönduðum rannsóknum og tryggri fjármögnun við vettvangsrannsóknir og úrvinnslu, og að niðurstöðum rannsókna sé miðlað á skipulagðan og markvissan hátt. Áhersla er lögð á að varðveita og miðla sértækri þekkingu hérlendis með því að tryggja nýliðun fagfólks og stuðla um leið að starfsöryggi fagaðila með nægum og fjölbreyttum verkefnum. Rannsóknir á fornleifum og byggingararfi og veruleg efling viðhalds- og rannsóknasjóða minjavörslunnar haldast í hendur.

Auk umsvifamikilla framkvæmda er náttúruvá af ýmsu tagi helsta hættan sem ógnar fornleifum og byggingararfi nú. Aukið landbrot, uppblástur, öfgar í veðurfari, eldgos og jarðskjálftar eru meðal þeirra náttúrulegu þátta sem geta valdið breytingum á fornleifum og byggingararfi, eða jafnvel eyðileggingu þeirra. Mikilvægt er að forgangsraða rannsóknum með tilliti til þeirrar hættu sem steðjar að jarðföstum menningarminjum.

Eftirfarandi áhersluatriði styðja við öflugar rannsóknir á fornleifum og byggingararfi:

- A. Skýrar áherslur í rannsóknum**
- B. Gæði og fagmennska**
- C. Fullnægjandi fjármögnun**

A. Skýrar áherslur í rannsóknum

Áherslur í rannsóknum taka mið af þeim ógnum sem að fornleifum og byggingararfi steðja hverju sinni. Fornleifar og byggingararfur sem eru í hættu vegna loftslagsbreytinga og náttúruváru eru í forgangi og verður lögð aukin áhersla á björgunarrannsóknir tengdar þeim á næstu árum. Við rannsóknir á byggingararfi er mikilvægt að huga að skráningu byggingarefnis og mati á verðmætunum sem í því felast. Ef til niðurrifs eða breytinga kemur þarf að horfa eins og kostur er til endurnýtingar og geymslu þess efnis sem til fellur.

Vísindarannsóknir skipa áfram stóran sess í rannsóknum á fornleifum og byggingararfi og staðinn verður vörður um frumkvæði og akademískt frelsi vísindamanna til slíkra rannsókna. Styrkja þarf innviði svo unnt sé að sinna öflugum rannsóknum á fornleifum og byggingararfi. Áherslur og ákvarðanir varðandi rannsóknir munu fyrst og fremst byggja á gæðum, gegnsæi og samtali minjavörslu og hagsmunaaðila. Hlutverk þeirra sem koma að rannsóknum skal vera skýrt.

Aðgerðir:

- 2.A.1. Skilgreina áherslur í úthlutunum úr fornminja- og húsafríðunarsjóðum til þriggja ára í senn, án þess að hefta akademískt frelsi vísindamanna.

- 2.A.2. Vinna áætlun um miðlun upplýsinga um virði og tilgang rannsókna á fornleifum og byggingararfi.
- 2.A.3. Útbúa leiðbeiningar þar sem skilgreind eru hlutverk hagsmunaaðila sem koma að rannsóknum í málaflokknum: Framkvæmdaaðila, opinberra aðila, sérfræðinga og almennings.
- 2.A.4. Koma á fót samstarfshóp um efnisbanka sem getur tekið við og geymt efni úr byggingum sem rifnar eru að hluta eða í heild.

B. Gæði og fagmennska

Lögð er áhersla á gæði og fagleg vinnubrögð þegar kemur að rannsóknum. Fornleifar eru óendurnýjanleg auðlind. Skráning og uppgröftur fornleifa er ábyrgðarluti og verða verkefni að byggja á vandaðri áætlun sem hugsuð er til enda. Rannsóknarspurningar fyrir uppgrefti skulu vera skýrar og skila þekkingarlegum ávinningi. Fornleifauppgröftur er óafturkræf aðgerð og því mikilvægt að vandað sé til verka og að niðurstöður rannsóknar verði nákvæmar og veiti eins góðar upplýsingar um minjarnar og mögulegt er með hliðsjón af bestu þekkingu og tæknigetu á hverjum tíma. Beita þarf þeirri tækni og aðferðafræði sem best hentar markmiðum og áherslum rannsókna hverju sinni, til að tryggja gæði gagna, niðurstaðna og þess efnis sem verður miðlað um rannsóknirnar.

Fornleifar og byggingararfur skulu njóta vafans í allri ákvarðanatöku. Áhersla er lögð á að minjavarðslan komi snemma inn í ferli framkvæmda til að tryggja faglegar forsendur og gæði rannsókna. Gerðar verða skýrar kröfur til gæða rannsókna, sýnatöku, úrvinnslu og þekkingar rannsóknaraðila.

Aðgerðir:

- 2.B.1. Skilgreina rannsóknarspurningar fyrir bæjarfélög með gamla þéttbýliskjarna sem miða að því að skapa þekkingu um viðkomandi svæði. Litlar rannsóknir, sér í lagi framkvæmdarannsóknir, horfi m.a. til þessara rannsóknarspurninga og skili þekkingarlegum ávinningi í stærra samhengi.
- 2.B.2. Skýra þætti og ferla framkvæmdarannsókna og auka samtal um þær kröfur sem gerðar eru.

C. Fullnægjandi fjármögnun

Fornminjasjóður og húsafríðunarsjóður eru forsenda þess að hægt sé að sinna minjavernd á Íslandi. Sjóðirnir tveir eru fóstoraðir hjá stjórnslustofnun minjaverndarmála. Með skýrum úthlutunaráherslum til nokkurra ára í senn geta sjóðirnir eflt rannsóknir og stutt við stefnu stjórnvalda og áherslur í minjavernd.

Efla þarf húsafríðunarsjóð og fornminjasjóð til muna svo þeir geti sinnt skyldum sínum og stutt við verndun og rannsóknir, sem eru grunnforsenda allrar minjaverndar í landinu. Mörg verkefni sem sjóðirnir styrkja eru langtímaverkefni og því er fyrirsjáanleiki í fjárveitingum mikilvægur. Nauðsynlegt er að fjármögnun sjóðanna sé trygg til framtíðar og endurspegli þá þörf sem til staðar er fyrir fjármagn í málaflokknum.

Aðgerðir:

- 2.C.1. Vinna áætlun um eflingu sjóðanna, m.a. til að styðja við framfylgd stefunnar og fjölga verkefnum.
- 2.C.2. Endurskoða úthlutunarreglur fornminjasjóðs og húsafríðunarsjóðs.



Auka samstöðu um vernd fornleifa og byggingararfs

Fornleifar og byggingararfur og vernd þeirra er ekki einkamál einnar ríkisstofnunar heldur kalla vernd og stýrð nýting minja á samstarf margra aðila. Bæta verður almenna þekkingu um fornleifar og byggingararf og mikilvægi þeirra fyrir land og þjóð, meðal annars í efnahagslegu tilliti. Vernd fornleifa og byggingararfs er nauðsynleg til að tryggja að þekking á þróun og breytingum samfélagsins á hverjum tíma varðveitist. Byggingararfurinn, einstakar fornleifar, samgöngumannvirki og búsetulandslag eru hlutar af heild sem skýrir þróun samfélagsins. Fornleifar og byggingararfur eru vernduð með friðun og friðlýsingu og skapa þarf samfélagslega sátt um mikilvægi þess að varðveita þau og efla skilning á tilgangi og tækifærum verndunarinnar. Stefna um friðlýsingar menningarminja þarf að vera skýr og byggja á traustum grunni, yfirgripsmikilli þekkingu og góðri yfirsýn.

Auka þarf vægi yngri fornleifa og byggingararfs og bregðast þarf við þar sem sýnt er að fornleifar og byggingararfur séu hætt komin. Yngri minjar, s.s. herminjar, bensínstöðvar, samkomuhús og iðnaðarhúsnæði, eru hluti af menningar- og byggingarsögu þjóðarinnar og verndun þeirra er jafnframt framlag til hringrásarhagkerfisins og lágmarkunar á losun gróðurhúsalofttegunda.

Nýting jarðfastra menningarminja hefur ýmsar hliðar, svo sem notkun byggingar, rannsókn á fornleifum eða nýting í ferðaþjónustu, m.a. með því að auka aðgengi að minjastað eða byggingu fyrir gesti. Byggingararfur er best varðveittur með notkun, þ.e. að byggingin hafi tilgang og henni sé viðhaldið til að þjóna þeim tilgangi. Stýrð nýting er því mikilvæg

þegar kemur að verndun fornleifa og byggingararfs. Ákvörðun um nýtingu þarf alltaf að taka út frá mati á ástandi og gildi í hverju tilfelli fyrir sig. Í tilfelli fornleifa er slíkt mat sérstaklega mikilvægt enda ekki meginmarkmið verndunar þeirra að þær séu nýttar.

Eftirfarandi áhersluatriði tryggja sameiginlega sýn á vernd menningarminja og mikilvægi hennar:

A. Samráð um vernd fornleifa og byggingararfs

B. Aukin áhersla á vægi fornleifa og byggingararfs

C. Skýr sýn á friðlýsingar

A. Samráð um vernd fornleifa og byggingararfs

Vernd fornleifa og byggingararfs er þverfaglegt verkefni. Öllu máli skiptir að aðilar sem koma að málaflokknum á einhvern hátt tali saman og nýti þekkingu og samtakamátt heildarinnar. Mikilvægt er að hagsmunaaðilar eigi samtal um sameiginlega hagsmuni sem mikilvægt er að efla. Sameiginlegir snertifletir fornleifa, byggingararfs og náttúru eru víða og er nauðsynlegt að taka höndum saman um vernd og nýtingu slíkra svæða. Lögð verður áhersla á samvinnu vegna umfangsmikilla framkvæmda í umhverfinu þannig að öll sjónarmið fái að heyrast og sameiginleg ákvörðun sé tekin um bestu leiðir.

Stefna um vernd fornleifa og byggingararfs mun styðjast við sterkt, jákvætt bakland sem um leið skapar sterka stöðu minjavörslunnar. Auka þarf skilning á mikilvægi fornleifa og byggingararfs innan

stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga og gildi þess að vernda þau, skrá og rannsaka.

Aðgerðir:

- 3.A.1. Koma á samráðsvettvangi með t.a.m. sveitarfélögum, sóknarnefndum og ríkisstofnunum um áherslur í vernd og nýtingu fornleifa og byggingararfs.
- 3.A.2. Vinna kynningarefni um hlutverk sveitarfélaga og framkvæmdaaðila í tengslum við skipulag, umhverfismat og framkvæmdir.

B. Aukin áhersla á vægi fornleifa og byggingararfs

Auk hefðbundinna alþjóðlegra staðla og gilda sem almennt liggja til grundvallar þegar mikilvægi fornleifa og byggingararfs er metið, svo sem listrænt gildi og rannsóknargildi, verður stuðst við nýja þætti við mat á mikilvægi. Horfa þarf til þátta eins og upplifunar og tilfinninga fólks, kolefnisfótspors mannsins og hringrásarhagkerfisins. Mikilvægi þessara þátta í gildismati verður eftt á næstu árum. Áhersla verður einnig lögð á þessa þætti við mat á fágæti yngri menningarminja og sértækum minjaflokkum. Stefnt er að endurskoðun aldursákvæða fyrir allar fornleifar og byggingararf, ekki sist með það í huga að ná til yngri minja sem mikilvægt er að vernda en ekki talin ástæða til að friðlýsa.

Meta þarf gildi byggingararfs út frá efnislegu mikilvægi hans, þ.e. því kolefni sem nú þegar er bundið í honum, og mikilvægi þess að halda í þau gæði eins og kostur er. Slík aðferðafræði er

nauðsynleg til að auka skilning og umræðu um endurnýtingu og endurbyggingu í stað niðurrifs og nýbyggingar.

Nýting sem er þess eðlis að hún rýrir ekki viðfangsefnið er í mörgum tilfellum mikilvægur þáttur í vernd fornleifa og byggingar- og bátararfs. Á það sérstaklega við um byggingar- og bátararf, en mikilvægt er að það sem verndað er hafi notkunargildi og verndunin tilgang.

Aðgerðir:

- 3.B.1. Endurskoða verndarflokka í lögum með það fyrir augum að geta verndað yngri minjar og einfalda stjórnslu við vernd menningarminja.
- 3.B.2. Móta aðferðafræði við vernd og viðgerðir á byggingum sem m.a. tekur tillit til hringrásarhagkerfisins og endurnýtingar bygginga. Skilgreina farveg fyrir endurnýtingu efnis og byggingarhluta úr eldri byggingum.
- 3.B.3. Vinna verklagsreglur um umgengni á ferðamannastöðum sem eru minjastaðir.
- 3.B.4. Vinna leiðbeiningar vegna nýtingar á minjum.
- 3.B.5. Vinna áætlun í samstarfi við ferðaþjónustuaðila, stofnanir friðlýstra náttúruverndarsvæða og heimamenn um innviðauppbýggingu á minjastöðum sem nýta má í ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi.

C. Skýr sýn á friðlýsingar

Friðlýsing er hæsta stig verndunar og mikilvægt verkfæri þegar kemur að vernd fornleifa og byggingararfs. Mikilvægt er að almenningur



og stjórnvöld skilji tilgang þess að friðlýsa menningarminjar og hvað í friðlýsingu felst, og átti sig á þeim tækifærum sem hún býður upp á. Með friðlýsingu er mikilvægi minjanna fyrir samfélagið dregið fram. Lögð er áhersla á að friðlýsingar nái yfir stærri svæði, svonefnt menningar- og búsetulandslag, eða heildarsvip byggðar. Mikilvægt er að gera heildstætt mat á verðmæti minni og stærri svæða með tilliti til fornleifa og byggingararfs, ástands þeirra og sögu svæðanna.

Til að friðlýsingar skili tilætluðum árangri þurfa forsendur þeirra að vera skýrar. Forsendurnar, og þau fjölbættu gildi sem stuðst er við í ferlinu, t.a.m. við mat á sérstöðu og verndargildi, þurfa að vera gegnsæ og í samræmi við alþjóðlega staðla við vernd byggingararfs og fornleifa. Val á þeim fornleifum og byggingararfi sem talið er mikilvægt að friðlýsa þarf að byggja á viðtækri þekkingu og er mikilvægt að leita álits bæði íbúa og sérfræðinga.

Aðgerðir:

- 3.C.1. Skilgreina forsendur og hugmyndafræði sem liggja að baki friðlýsingum og vali á þeim fornleifum og byggingararfi sem talið er mikilvægt að séu friðlýst.
- 3.C.2. Endurskoða friðlýsingaskrár fornleifa og byggingararfs með það að markmiði að þær séu í samræmi við skilgreindar forsendur og hugmyndafræði friðlýsinga.
- 3.C.3. Vinna greiningu um fornleifar og byggingararf sem eru í sérstakri hættu á að missa verndargildi sitt, t.a.m. tiltekinn yngri byggingararf, með tilliti til mögulegrar friðlýsingar.



Viðhalda þekkingu á handverki

Mikilvægt er að styðja við fagþekkingu á hverjum tíma og gæta þess að þekking á fornu handverki sem tengist viðhaldi fornleifa, byggingararfs og báta glatist ekki og sé miðlað áfram til komandi kynslóða. Handverksþekkingin verður að vera til staðar í landinu svo hægt sé að halda við minjastöðum, byggingararfi, bátum og öðru sem undir málaflokkinn heyrir. Auk handverksþekkingarinnar sjálfar þarf að efla þekkingu á smíðatólum og byggingarefnum fyrri tíma. Brýnt er að móta stefnu um hvernig standa eigi að varðveislu handverksþekkingarinnar og styðja við þá aðila sem hafa haldið henni við. Mikilvægt er að skýra og skilgreina í lögum hver beri ábyrgð á viðhaldi handverksþekkingar.

Eftirfarandi áhersluatriði eiga að stuðla að viðhaldi handverksþekkingar í landinu:

A. Stöðug nýliðun og miðlun þekkingar milli kynslóða

B. Fjölgun viðhaldsverkefna og stuðningur við þau

A. Stöðug nýliðun og miðlun þekkingar milli kynslóða

Handverk sem nauðsynlegt er til að viðhalda menningarminjum er mjög sérhæft. Mikilvægt er að styðja við þá sérfræðinga sem kunna handverkið og jafnframt tryggja að þekkingin berist áfram til næstu kynslóðar. Efla þarf fjölbreytt námsframboð með því að gera nám tengt handverkinu að viðurkenndu iðnnámi á framhaldsskólastigi. Bjóða þarf námskeið og endurmenntun um land allt með það fyrir augum að miðla fjölbreyttri þekkingu til áhugasamra. Aukið aðgengi að námi og kennslu nær til breiðs hóps sem hefur áhuga á handverkinu og viðhaldi þess, óháð landsvæði, kyni eða aldri. Sterk tengsl þurfa að vera á milli menntakerfisins og fagaðila til að tryggja kennslu á málefnaviðinu. Samstarf og samtal aðila er einnig nauðsynlegt við rannsóknir og verkefni. Húsværndarstofa sé áfram í forystu við miðlun upplýsinga til húseigenda og fagaðila.

Aðgerðir:

- 4.A.1. Koma á fót samstarfshópi um miðlun á handverksþekkingu í samvinnu við skólayfirvöld, fagaðila, söfn og áhugamannahópa um kennslu í handverksaðferðum, byggingarsögu og um menningarminjar, og skilgreina farveg fyrir slíka kennslu.
- 4.A.2. Safna og skrásetja handverksþekkingu á landsvísu og mynda tengslanet um hana.
- 4.A.3. Koma á samstarfi viðeigandi stofnana í tengslum við skráningu handverks, verklags og aðferða.

- 4.A.4. Gera áætlun um gerð upplýsingaefnis um viðhald fornleifa og byggingararfs og efnisnotkun, t.d. verklýsingar.

B. Fjölgun viðhaldsverkefna og stuðningur við þau

Fáir búa yfir sérþekkingu á handverki tengdu viðhaldi fornleifa, byggingararfs og bátaarfs hérlendis og er nauðsynlegt að þeir geti miðlað af reynslu sinni til nýrrar kynslóðar. Handverkið er mikilvæg menningararfleifð sem nauðsynlegt er að varðveita, miðla og halda lifandi. Til að styðja við aukna nýliðun þarf að fjölga verkefnum sem handverksfólk, yngri og eldri, getur unnið við. Lögð er áhersla á að fá aukinn stuðningi við verkefni á sviði viðhalds og endurgerðar menningarminja.

Aðgerðir:

- 4.B.1. Greina leiðir til að fjölga verkefnum á þeim sviðum handverksins sem tengjast viðhaldi fornleifa, byggingararfs og bátaarfs. Horfa til sérþekkingar á ólíkum aðferðum og svæðisbundnum sérkennum.



Styrkja vitund um mikilvægi fornleifa og byggingararfs

Vernd menningararfs er sameiginlegt verkefni allra landsmanna. Aukinn sýnileiki sögunnar er forsenda fyrir sterkari upplifun samfélagsins og þar með aukinni vitund um það virði sem í henni felst. Fornleifar og byggingararfur eru meðal þess sem mótar sjálfmynd samfélaga og íbúa þeirra. Nauðsynlegt er að almenningur átti sig á mikilvægi fornleifa og byggingararfs í þessu tilliti. Fornleifar og byggingararfur, og vernd þeirra, hafa einnig hagrænt gildi fyrir samfélagið. Þau eru auðlind sem hægt er að nýta til góðs um allt land, svo sem í ferðaþjónustu og kennslu. Sérstök áhersla verður lögð á að miðla og fræða yngri kynslóðina um nærumhverfið og söguna og þýðingu hennar fyrir þjóðina. Sérstaklega er lögð áhersla á að dýpka áhuga og þekkingu almennings á fornleifum og byggingararfi með því að tengja þau við sögur og annan lifandi menningararf, ekki sist með notkun stafrænna leiða.

Eftirfarandi áhersluatriði eiga að tryggja eflingu vitundar um fornleifar og byggingararf og mikilvægi þeirra sem auðlindar:

- A. Virkt samtal um samfélagslegt gildi fornleifa og byggingararfs**
- B. Aukin vitund um fornleifar og byggingararf sem auðlind**
- C. Virkjun heimafólks til svæðisbundinna verkefna**

A. Virkt samtal um samfélagslegt gildi fornleifa og byggingararfs

Mikilvægt er að allir sem koma að málefnum fornleifa og byggingararfs tali saman og nýti þekkingu og samtakamátt heildarinnar til að efla málaflokkinn. Virkt samtal eykur veg fornleifa og byggingararfs, t.a.m. í skipulagsvinnu sveitarfélaga þar sem hægt er að nýta þau í þágu samfélagsins og sem hluta af yfirbragði sveitarfélagsins. Þá skapast tækifæri fyrir sveitarfélagið til að nýta minjar í þágu skólakerfisins, sjálfsmýndar, útivistar og ferðaþjónustu. Fornleifar, byggingararfur og saga hvers staðar efla sjálfmynd staðarins og þeirra sem þar búa. Vitneskja um og tenging við fortíðina gefur aukna dýpt í tilveruna og eflir samkennd samfélagsins. Erlendar rannsóknir sýna að verndarsvæði í byggð og friðlýst hús auka verðgildi og ánægju af þeim svæðum sem þau tilheyra. Jákvætt viðhorf sveitarstjórna og frumkvæði þeirra er gríðarlega mikilvægt þegar kemur að varðveislu fornleifa og byggingararfs.

Sérstök áhersla verður lögð á að auka fræðslu og þar með vitund einstaklinga um virði verndunar og viðhalds byggingararfs á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Miðla á upplýsingum um mikilvægi nýtingar og endurnýtingar þess sem fyrir er þegar kemur að viðhaldi gamalla húsa, þéttingu byggðar og skipulagsvinnu. Með nýtingu fornleifa og byggingararfs á þá vegu er jafnframt stutt við mótvægisáðgerðir gegn loftslagsvánni. Lögð verður áhersla á að miðla því sem vel er gert og sýna þannig fram á jákvæðar hliðar fornleifa og byggingararfs sem auðlindar.

Aðgerðir:

- 5.A.1. Taka saman upplýsingaefni um samfélagslegt gildi fornleifa og byggingararfs. Þar yrði m.a. horft til aukinnar vitundar einstaklinga um verndun og viðhald byggingararfs sem og lífsgæða og sjálfsmyndar í tengslum við skipulagsgerð.
- 5.A.2. Skilgreina á hvern hátt ávinningi verndarsvæða í byggð verði komið til skila til sveitarfélaganna, t.a.m. með jafningjafræðslu á milli sveitarfélaga.
- 5.A.3. Vinna upplýsingaefni og leita leiða til að koma á virku samtali um skyldur sveitarfélaga og framkvæmdaaðila hvað varðar vernd fornleifa og byggingararfs, t.a.m. í tengslum við skráningu og skipulagsgerð.

B. Aukin vitund um fornleifar og byggingararf sem auðlind

Fornleifar og byggingararfur eru mikilvæg auðlind fyrir íslenskt samfélag. Miklir möguleikar eru í verkefnum tengdum stafrænni miðlun og er mikilvægt að nýta þá eins og kostur er. Menningartengd ferðaþjónusta er veigamikill þáttur í móttöku ferðamanna og geta fornleifar og byggingararfur átt stóran þátt í eflingu ferðaþjónustunnar. Auka á viðtækan skilning og vitund um mikilvægi fornleifa og byggingararfs og þá möguleika sem sjálfar fornleifarnar og byggingararfurinn, og þekking á þeim, felur í sér.

Leggja þarf áherslu á að tryggja stöðu fornleifa og byggingararfs í aðalnámskrám og með því kennslu um menningarminjar á öllum skólastigum. Aukin þekking yngri kynslóða á fornleifum og byggingararfi treystir mikilvægar undirstöður og eykur vitund og virðingu gagnvart þeim.

Miðlun upplýsinga um friðlýsingar og friðlýstar fornleifar og byggingararf hefur það markmið að auka skilning á þeim verðmætum sem felast í því sem friðlýst er og eflir jákvætt viðhorf til friðlýsinga. Auka þarf skilning á hlutverki friðlýstra fornleifa og byggingararfs í skipulagi og sem virðisaukandi þáttur í umhverfinu, hvort sem er í þéttbýli eða úti í náttúrunni.

Aðgerðir:

- 5.B.1. Tryggja stöðu menningarminja í aðalnámskrám á öllum skólastigum.
- 5.B.2. Fræða opinbera aðila um þá möguleika sem felast í fornleifum og byggingararfi, m.a. í áttahagafræðslu og ferðaþjónustu.
- 5.B.3. Velja svæði og gera úttekt á fornleifum og byggingararfi með tilliti til hagræns gildis.
- 5.B.4. Búa til net hagsmunaaðila um eflingu sýnileika menningarminja í umhverfinu m.a. með því að nýta stafræna þróun og aðgengi að upplýsingum í ólíkum miðlum.
- 5.B.5. Komið verði á fót árlegri viðurkenningu fyrir góð verkefni þar sem fornleifar og byggingararfur eru nýtt sem auðlind fyrir samfélagið.

C. Virkjun heimafólks til svæðisbundinna verkefna

Lögð er áhersla á að styrkja ímynd og veg fornleifa og byggingararfs með auknu samtali fagaðila og heimafólks. Í samtakamætti felast tækifæri til að efla stöðu fornleifa og byggingararfs um land allt. Áhugamannafélög og hollvinasamtök af ýmsu tagi sýna málaflokknum áhuga og sinna honum af krafti. Mikilvægt er að virkja þá orku sem í þeim er fólgin með því að útfæra leiðir til að auka aðkomu þeirra að vernd fornleifa og byggingararfs. Minjaráðin eru kjölfesta minjaverndar í héraði. Þau hafa skilgreint hlutverk í minjalögum og er mikilvægt að hlúa að þeim og efla rödd þeirra.

Aðgerðir:

- 5.C.1. Auka þátttöku heimamanna í minjavernd og skilgreina aðkomu þeirra að staðbundnum verkefnum.
- 5.C.2. Leita samráðs við minjaráð og íbúa hvers landsvæðis við val á fornleifum og byggingararfi sem vert væri að friðlýsa.
- 5.C.3. Móta farveg fyrir almenning til að koma á framfæri upplýsingum um menningararfinn.
- 5.C.4 Samstarf við viðeigandi stofnun um söfnun upplýsinga um fornleifar og byggingararf í tengslum við örnefnasöfnun í landinu.





Viðauki 1

Alþjóðasamningar

Helstu alþjóðasamningar sem Ísland hefur undirritað í tengslum við menningarminjar eru:

- Mannréttindasáttmáli Evrópu, Róm 1950
- Samningur um leiðir til að banna og hindra ólögmatan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum, París 1970
- Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, París 1972
- Samningur um varðveislu menningararfða, París 2003
- Samningur um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform, París 2005
- Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, Árósar 1998
- Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins, London 1969 (Ísland skrifaði undir eldri samning en hefur ekki undirritað endurskoðaðan samning frá 1992)
- Evrópusamningur um landslag, Flórens 2000
- Samningur um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka, Haag 1954

Viðauki 2

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru mikilvæg umgjörð fyrir minjavörsluna sem og aðra. Horft var til heimsmarkmiðanna í heild við mótun stefnunnar en hér verða dregin fram þau fjögur markmið sem talin eru mikilvægust til að ná fram markmiðum hennar og kastljósinu beint að mikilvægum snertiflötum út frá sjónarhorni minjavörslunnar.

Heimsmarkmið 4 – Menntun fyrir alla:

Mikil lífsgæði felast í þekkingu á fornleifum og byggingararf og til að efla þá þekkingu þarf að auka kennslu og þjálfun. Með þekkingu eykst skilningur og mikilvægt er fyrir minjavernd í landinu að fræðsla um fornleifar og byggingararf sé sjálfsagður þáttur í kennslu á öllum námsstigum. Allir eiga jafnan rétt til náms og þar með jafnan rétt til að læra að þekkja og skilja sögu okkar og arfleifð. Mikilvægur þáttur er einnig efling iðn- og verknáms og hlutur gamals handverks í því námi. Með aukinni menntun í handverki varðveitum við bæði áþreifanlegan og óáþreifanlegan menningararf okkar.

Heimsmarkmið 9 – Nýsköpun og uppbygging:

Efla þarf vísindarannsóknir og leggja aukna áherslu á sjálfbærni. Innviði þarf að efla, þ.m.t. rannsóknarinnviði, gagnagrunnskerfi og miðlunartækni. Við uppbyggingu og skipulag innviða í landinu, s.s. vega og raflína, eru áhrifa- og framkvæmdasvæði oft gríðarstór og er mikilvægt

að gott samtal eigi sér stað, snemma í ferlinu, til að uppbyggingin taki mið af þeim fornleifum og byggingararfi sem eru á svæðinu. Fornleifar og byggingararfur eru einnig mikilvægur þáttur í uppbyggingu innviða vegna vaxtar sjálfbærrar, íslenskrar ferðaþjónustu, enda eru þau auðlind sem er að finna vítt og breitt um landið.

Heimsmarkmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög: Blásið skal til sóknar til að vernda náttúru- og menningararfleifð heimsins. Með rannsóknum, miðlun og verndun er hægt að auðga samfélög á ólíkum sviðum þeirra. Áhersla er lögð á mikilvægi grænna svæða og þar geta fornleifar og byggingararfur leikið stórt hlutverk með því að gefa svæðum merkingu og virðisauka. Varðveisla og nýting er hluti af sjálfbærni samfélaga. Stuðla skal að útivist fyrir alla til heilsuþótar og ánægju og geta fornleifar og byggingararfur stutt það sem aðráttarafl og áfangastaðir. Styrkja á áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða og geta verkefni tengd fornleifum og byggingararfi, rannsóknum á þeim, viðhaldi og miðlun, átt þar stóran þátt. Vinna þarf áhættumat vegna hamfara og skulu fornleifar og byggingararfur eiga sitt pláss í þeirri umræðu.

Heimsmarkmið 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum: Styrkja þarf viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara. Griðarmikil hætta steðjar að fornleifum og byggingararfi við strendur landsins vegna hækkunar sjávar og rofs vegna hárrar ölduhæðar og áhlaðanda í slæmum veðrum. Hætta vegna annars

konar náttúruvár, s.s. skriðufalla og vatnsflóða, er einnig til staðar. Nauðsynlegt er að horfa til þessara þátta við gerð viðbragðsáætlauna og mat á forvörnum. Meta þarf losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við skipulagsgerð og húsbyggingar og vinna að rannsóknum og verkefnum tengdum endurnýtingu efnis og viðhaldi eldri bygginga. Huga þarf að áhrifum framkvæmda sem farið er í sem mótvægisáðgerðir gegn loftslagsvánni, svo sem uppfyllingar skurða og endurheimtar votlendis annars vegar og skógræktar hins vegar. Slíkar framkvæmdir kalla á öflugt samstarf aðila.

Viðauki 3

Skýringar á hugtökum

Bátaarfur: Til bátaarfs, fljótandi menningararfs, teljast skip og bátar frá því fyrir 1950. Undir bátaarf falla einnig skip og bátar sem hafa verið friðlýst.

Björgunarrannsókn: Kerfisbundin rannsókn á jarðföstum menningarminjum sem eru í hættu vegna ágangs náttúrunnar eða hafa komið óvænt upp vegna jarðrasks. Yfirleitt unnin í kappi við tímann og með takmarkað ráðstöfunarfé.

Byggingararfur: Til byggingararfs teljast hús og önnur mannvirki, reist 1923 eða fyrr, og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt,

vísindalegt eða listrænt gildi. Undir byggingararf falla einnig hús og mannvirki reist eftir 1923 sem hafa verið friðlýst.

Fornleifar: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Undir fornleifar falla einnig yngri minjar sem hafa verið friðlýstar.

Framkvæmdarannsókn: Kerfisbundin rannsókn á jarðföstum menningarminjum sem ákveðið hefur verið að rannsaka vegna framkvæmda. Yfirleitt unnin innan strangs tímaramma og kostnaðaráætlunar.

Gagnagrunnskerfi: Tölvukerfi sem heldur utan um gagnagrunna.

Gagnagrunnur: Skipulega uppsett geymsla upplýsinga þar sem auðvelt á að vera að setja inn, uppfæra, greina og nálgast gögn í gagnasetti.

Handverk: Í samhengi þessarar stefnu nær hugtakið yfir það handverk sem tengist viðhaldi á byggingararfi, fornleifum og bátum, s.s. torf- og grjóthleðslu og timbursmiði.

Jarðfastar menningarminjar: Samheiti yfir fornleifar og byggingararf.

Kortavefsjá: Veflausn sem sýnir gögn úr gagnagrunni og birtir þau á landfræðilegu formi.

Menningararfur: Samheiti yfir menningarlegan arf þjóðarinnar sem varðveittur er í ýmsum myndum í nútímanum. Nær yfir allt frá húsum yfir í kvikmyndir.

Menningarminjar: Til menningarminja teljast efnisleg ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar, sem og staðir sem tengjast menningarsögu.

Minjavarsla: Framkvæmd stjórnýslu minjaverndar, nánar tiltekið laga og reglna um minjavernd.

Minjavernd: Sameiginlegt verkefni allra er að vernda jarðfastar menningarminjar landsins. Allir eiga hlutverk í minjaverndinni, hvort sem horft er til almennings eða opinberra aðila.

Skráning fornleifa og byggingararfs:

Fagleg skráning sem byggir á undirbúningi, vettvangsvinnu og úrvinnslu gagna.

Verndarsvæði í byggð: Byggð innan þéttbýlis og byggðarkjarnar utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis.

Vísindarannsókn: kerfisbundin rannsókn á jarðföstum menningarminjum. Viðfangsefnið er valið í samræmi við fyrirfram skilgreinda vísindalega áætlun eða spurningu.



Varðveisla og vernd bátaarfs Íslendinga – fljótandi menningararfur

Fylgiskjal með stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á stöðu verndar skipa og báta sem gegna mikilvægu hlutverki í menningarsögu þjóðarinnar. Því miður hefur gríðarlegur fjöldi tréskipa og báta týnt tölunni hérlendis á síðustu áratugum og þrátt fyrir skyldur sínar í málaflokknum hefur fornminjasjóður á engan hátt getað sinnt ótal styrkbeiðnum tengdum bátaarfinum vegna fjárskorts. Ljóst er að viðhald, varðveisla og endurgerð báta og skipa ásamt handverki stendur mjög illa og segja má að runnin sé upp ögurstund um þennan mikilvæga menningararf. Mikilvægt er því að stjórnvöld beiti sér hið fyrsta með viðunandi framlögum svo þjóðin glati ekki meiru en orðið er af okkar merkasta bátaarfi og um leið áþreifanlegri sögu útgerðar við landið. Ákjósanlegt væri í þessu samhengi að koma á fót sérstökum bátaverndunarsjóði, sem skipulagður gæti verið líkt og fornminja- og húsafríðunarsjóðir með ráðgjafarnefnd; bátaverndarnefnd. Ef stjórnvöldum hugnast betur getur fornminjasjóður vistað sérstakan bátasjóð eða markaða fjármuni til málaflokksins, sem er fyrst og síðast brýnt að tryggja.

Samhliða því að auka skilning fjárveitingarvaldsins þarf að efla tengsl við menntakerfið og búa til samvinnuvettvang þeirra handverksmanna sem enn kunna til verka. Handverksþekkingin sem tengist smíði og viðhaldi skipa og báta, sér í lagi súðbyrðinga sem þjóðin byggði meira og minna allt sitt á í árhundruð, má ekki tapast en aðeins örfáir bátasmiðir eru eftir í landinu með sértæka þekkingu til að miðla handverkinu áfram. Þessi staða er því orðin með öllu óviðunandi og er brýnt að framtíðarstefna í verndun skipa og báta sé mótuð sem fyrst og jafnhliða gripið til hreinna björgunaraðgerða áður en það verður of seint. Um mitt ár 2022 var staðan t.d. sú að fyrir lágu beiðnir

um förgun á nokkrum plankabyggðum eikarbátum sem segja má að séu hver um sig síðustu eintök sinnar tegundar í landinu. Brýnt er að koma í veg fyrir að menningarslys verði í þessum efnum. Verði ekki gripið af festu inn í málaflokkinn svo varðveita megi þennan gríðarlega mikilvæga menningararf til framtíðar mun óbreytt ástand leiða til þess að þjóðin glatar þessum ómetanlega menningararfi, íslensku handverki, sem er útilokað að hin íslenska fiskveiðipjóð geti sætt sig við.

Þann 14. desember 2021 voru handverk og hefðir við smíði súðbyrtra báta sett á lista hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna – UNESCO – yfir menningarerfðir. Nauðsynlegt er að fylgja þeirri viðurkenningu úr hlaði með nýjum áherslum í verndun skipa og báta á Íslandi. Horfa þarf til hagnýtingar og endurgerðar með það í huga: Tréskip og bátar varðveitast best á floti – til notkunar, augnayndis og upplifunar. Nauðsynlegt er að hægt sé að skilgreina skip og báta sem safnaskip/-báta og geta þannig haft þau á floti án þess að uppfylla þurfi skilyrði um t.d. haffærni og tryggingar.

Ísland sker sig því miður alveg úr þegar horft er til viðmiðunarþjóða, hinna Norðurlandanna, hvað varðar varðveislu og hagnýtingu bátaarfsins. Þar er einmitt horft til hagnýtingar báta og skipa og þau flokkuð að stóru leyti sem fljótandi menningararfur. Þar hefur verið sýnt fram á margvísleg tækifæri við nýtingu m.a. í ferðaþjónustu, sem skólaskip o.fl. Í Noregi og Svíþjóð sækir ungt fólk í að mennta sig í bátasmiði og endurnýjun í greininni er góð. Á sama tíma liggur fyrir íslenska þinginu tillaga um að leggja niður iðngreinina skipa- og bátasmiði. Slík ákvörðun yrði afar dapurleg og myndi í raun tryggja að engin endurnýjun verði í greininni hérlendis.



Myndaskrá

Kápumynd: Hraunsrétt í Aðaldal, Þingeyjarsveit. Réttin, sem er aldursfriðuð, var hlaðin í kringum 1840. Ljósmynd tekin með flygildi: Ómar Valur Jónasson, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 3: Hegningarhúsið, Skólavörðustíg 9 í Reykjavík. Húsið var byggt árið 1873 og er friðlýst. Hönnuður hússins er danski byggingameistarinn Klentz. Ljósmynd: Pétur H. Ármannsson, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 4-5: Leifar af bátnum Mýrdælingi. Leifarnar liggja í fjöruborðinu rétt hjá Æðarsteinsvita við Djúpavog og eru friðaðar. Ljósmynd: Þuríður E. Harðardóttir, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 7: Minjavörður Norðurlands vestra, Guðmundur St. Sigurðarson, kannar skemmdir vegna ágangs sjávar á minjum á Höfnum á Skaga. Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 8: Uppgröftur á gamla bæjarstæði Fjarðar í Seyðisfirði og fiskþurrkunarhús í baksýn. Ljósmynd: Inga Sóley Kristjónudóttir, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 11: Stigagangur og vegglistaverk í Landsbankahúsinu, Austurstræti 11 í Reykjavík. Húsið var byggt árið 1896 og er friðlýst ásamt upprunalegum innréttingum þess og vegglist. Hönnuður hússins var Christian Laurits Thuren arkitekt og Guðjón Samúelsson teiknaði viðbætur árið 1923 í kjölfar Reykjavíkurbrunans 1915. Ljósmynd: Henny Hafsteinsdóttir, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 13: Sæbólskirkja á Ingjaldssandi í Önundarfirði. Guðjón Samúelsson arkitekt teiknaði kirkjuna og er hún ein af hans fyrstu kirkjuteikningum. Kirkjan var vígð í september 1929 og er friðlýst. Ljósmynd: Þór Hjaltalín, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 14-15: Gluggi á Löngubúð á Djúpavogi. Langabúð er eitt elsta hús Djúpavogs og fornt pakkhús danskra kaupmanna. Óljóst er hvenær húsið var byggt en út frá rituðum heimildum er það komið til sögunnar árið 1742. Langabúð er friðlýst. Ljósmynd: Þuríður E. Harðardóttir, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 17: Dagmálavarða í landi Skjöldólfsstaða, Breiðdal, Fjarðabyggð. Ljósmyndari: Þuríður E. Harðardóttir, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 18: Unnið að hleðslu veggja sjóbúðar í Keravík, Súgandafirði árið 2016. Um er að ræða samfélagsverkefni á vegum Fornminjafélags Súgandafjarðar undir leiðsögn hleðslumannsins Valdimars Össurasonar úr Kollsvík og Guðmundar St. Sigurðarsonar frá Minjastofnun Íslands. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 21: Hlaðan á bænum Grænavatni í Mývatnssveit sem talin er reist um miðja 19. öld. Hlaðan er hluti af stórmerkilegu menningarlandslagi jarðarinnar. Ljósmynd: Sædis Gunnarssdóttir, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 22: Braggahverfið á Miðsandi í Hvalfirði. Hverfið var byggt af bandaríska setuliðinu á árunum 1940-1945. Ljósmynd: Magnús A. Sigurðsson, Minjastofnun Íslands.

Mynd bls. 25: Fornleifauppgröftur í Árbæ á Árbæjarsafni í Reykjavík. Búið var í Árbæ til ársins 1948 en Árbæjarsafn var stofnað 1957. Ljósmynd: Andrés Skúlason, formaður fornminjanefndar.

Mynd bls. 27: Báturinn Fengsæll er elsti varðveitti eikarbátur á Íslandi en hann var smíðaður í Danmörku árið 1931. Minja- og sögufélag Vatnsleysustrandar hefur tekið bátinn upp á sína arma, enda tengist hann sögu útgerðar í Vogum sterkum böndum. Ljósmynd: Inga Sóley Kristjónudóttir, Minjastofnun Íslands.



Minjastofnun
Íslands

| Minjastofnun Íslands | Suðurgötu 39 | 101 Reykjavík |
| Sími 570 1300 | postur@minjastofnun.is | www.minjastofnun.is |